Þann 18. september 2024 lagði Ásgeir Þór Árnason kt. 200957-5209 inn til sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu réttindi sín sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali og fellur því niður frá þeim tíma löggilding hans til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.

Kópavogi, 18. september 2024.
Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu.

(2024018608

Útgáfud.: 24. september 2024

Félagsslit Hliðarfæti ehf. – Lok slita

Á tveimur ályktunarbærum hluthafafundum í einkahlutafélaginu Hliðarfæti, kt. 450107-0420, sem haldnir voru í júní og júlí 2023 var ákveðið að slíta félaginu og voru undirritaðir kjörnir í skilanefnd félagsins á seinni fundinum. Með bréfi Skattsins, dags. 21. ágúst 2023 fékkst löggilding skilanefndar samkvæmt 86. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög. Í kjölfarið var tvívegis birt í Lögbirtingablaði auglýsing um félagsslitin og áskorun til lánardrottna um að lýsa kröfum sínum á hendur félaginu til skilanefndar innan tveggja mánaða. Fimm kröfur bárust innan kröfúlýsingarfrests. Einni var hafnað, tveimur hafnað að svo stöddu, enda um skilyrtar kröfur að ræða og fallið var frá tveimur kröfum og þær afturkallaðar. Ekki var því um að ræða neinar samþykktar kröfur í félagið. Var kröfuskra og afstaða skilanefndar kynnt á fundi lánardrottna og hluthafa þann 10. nóvember 2023 og borin undir samþykki fundarmanna sem samþykktu kröfuskránni samhljóða. Engin andmæli voru höfð uppi á fundinum 10. nóvember 2023 eða hafa borist í framhaldi hans og telst því kröfuskraín og afstaða skilanefndar endanlega samþykkt, sbr. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög. Þann 19. júlí 2024 var haldinn hluthafafundur í félaginu þar sem til umfjöllunar voru lokareikningur félagsins og frumvarp til úthlutunargerðar í samræmi við fyrirmæli 4. mgr. 89. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög. Samkvæmt frumvarpi til úthlutunargerðar er ekkert eigið fé eða eignir í félaginu sem kemur til úthlutunar til hluthafa félagsins. Skilanefnd hefur nú lokið störfum sínum og er tilkynnt um það hér með og hver málalok hafi orðið samkvæmt 3. mgr. 91. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

Reykjavík, 16. september 2024.

F. h. skilanefndar Hliðarfótar ehf.

Garðar Víðir Gunnarsson lögmaður,**Sigurður Jónsson** löggiltur endurskoðandi.

(2024018702

Útgáfud.: 19. september 2024

Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá*Nafn:* Loftslagslausnir slf.*Kt.:* 570924-1680.*Dagsetning samþykkt:* 29. ágúst 2024*Heimilisfang:* Neshaga 10, Reykjavík.*Eigendur:* Þórhildur Fjóla Kristjánsdóttir, kt. 100979-4469, Neshaga 10, Reykjavík, ábyrgðaraðili. Þuríður Helga Kristjánsdóttir, kt. 211177-3499, Hlíðargötu 4, Akureyri, samlagsaðili.*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er rannsóknir og fræðsla um loftslagslausnir.*Skattaðild:* Félagið er sjálfstæður skattaðili.*Firmaritun:* Ábyrgðaraðili.*Prókúruumboð:* Þórhildur Fjóla Kristjánsdóttir.

Reykjavík, 17. september 2024.

(2024018558

Útgáfud.: 19. september 2024

Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá*Nafn:* AK Málun slf.*Kt.:* 570924-0870.*Dagsetning samþykkt:* 14. ágúst 2024*Heimilisfang:* Laufrima 16, Reykjavík.*Eigendur:* Andri Þór Kragh Sigríðarson, kt. 010786-2909, Laufrima 16, Reykjavík, ábyrgðaraðili. Sigríður Guðbjörg Helga Kragh, kt. 260761-7819, Álalind 14, Kópavogi, samlagsaðili.

Tilgangur: Tilgangur félagsins er hvers kyns málningarvinna.

Skattaðild: Félagið er sjálfstæður skattaðili.

Firmaritun: Sjá félagssamning.

Prókúruumboð: Andri Þór Kragh Sigríðarson.

Stjórnarmaður: Andri Þór Kragh Sigríðarson.

Reykjavík, 17. september 2024.

(2024018559

Útgáfud.: 20. september 2024

Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá

Nafn: ÓTF atferlisráðgjöf slf.

Kt.: 580924-1740.

Dagsetning samþykkt: 11. september 2024

Heimilisfang: Barmahlíð 45, Reykjavík.

Eigendur: Ólöf Tinna Frimannsdóttir, kt. 280586-3079, Barmahlíð 45, Reykjavík, ábyrgðaraðili. Margrét Þórarinsdóttir, kt. 220359-4099, Vatnsstíg 16-18, Reykjavík, samlagsaðili.

Tilgangur: Tilgangur félagsins er þjónusta við atferlisgreininga-og ráðgjafar. Einnig kaup og sala eigna, lánastarfsemi o.fl.

Skattaðild: Félagið er sjálfstæður skattaðili.

Firmaritun: Ábyrgðaraðili.

Prókúruumboð: Ólöf Tinna Frimannsdóttir.

Andrés Einar Hilmarsson, kt. 050870-3409, Hamrakór 16, Kópavogi, löggiltur endurskoðandi.

Reykjavík, 18. september 2024.

(2024018585

Útgáfud.: 20. september 2024

Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá

Nafn: Innri Viska slf.

Kt.: 580924-1580.

Dagsetning samþykkt: 11. september 2024

Heimilisfang: Teigaselí 4, Reykjavík.

Eigendur: Vignir Þór Guðmundsson, kt. 130796-3039, Hvannalundi 19, Garðabæ, ábyrgðaraðili. Íris Arnardóttir, kt. 200573-4559, Teigaselí 4, Reykjavík, samlagsaðili.

Tilgangur: Tilgangur félagsins er námskeiðshald í líkamsvitund og sómatískri samtalstækni, áfallafræði, kennsla, listsköpun, óhefðbundnar lækningar.

Skattaðild: Félagið er sjálfstæður skattaðili.

Firmaritun: Ábyrgðaraðili.

Prókúruumboð: Íris Arnardóttir Vignir Þór Guðmundsson,.

Vignir Þór Guðmundsson, kt. 130796-3039, Hvannalundi 19, Garðabæ, stjórnarmaður. Íris Arnardóttir, kt. 200573-4559, Teigaselí 4, Reykjavík, varamaður. Framkvæmdastjóri: Vignir Þór Guðmundsson. Steinunn Á. Frimannsd. Blöndal, kt. 110663-2859, Krosshömrum 19A, Reykjavík, skoðunarmaður.

Reykjavík, 18. september 2024.

(2024018599

Útgáfud.: 23. september 2024

Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá

Nafn: Askja - Highland Expeditions.

Kt.: 070468-3609.

Dagsetning samþykktar:

Heimilisfang: Njálsgata 8a, Reykjavík.

Eigendur: Martin Birkmann, kt. 070468-3609, Njálsgötu 8a, Reykjavík.

Tilgangur: Tilgangur er ferðaskrifstofur.

Skattaðild: Ósjálfstæður skattaðili.

Firmaritun: Eigandi.

Prókúruumboð: Eigandi.

Reykjavík, 19. september 2024.

(2024018677

Útgáfud.: 23. september 2024

Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá

Nafn: **besTurismo.**

Kt.: 170879-2449.

Dagsetning samþykktar:

Heimilisfang: Fjörubraut 1230, Reykjanesbæ.

Eigendur: Dominik Dawid Kolacz, kt. 1708792449, Fjörubraut 1230, Reykjanesbæ.

Tilgangur: Tilgangur er aðrir farþegaflutningar á landi. Önnur bókunarþjónusta og önnur starfsemi tengd ferðaþjónustu. Rekstur leigubíla.

Skattaðild: Ósjálfstæður skattaðili.

Firmaritun: Eigandi.

Prókúruumboð: Eigandi.

Reykjavík, 19. september 2024.

(2024018684

Útgáfud.: 23. september 2024

Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá

Nafn: **LyLy Nail & Spa slf.**

Kt.: 590924-0830.

Dagsetning samþykktar: 2. september 2024

Heimilisfang: Gyðufelli 2, Reykjavík.

Eigendur: Thi Trang Pham, kt. 020286-4749, Gyðufelli 2, Reykjavík, ábyrgðaraðili Hung Duy Pham, kt. 271261-2689, Gyðufelli 2, Reykjavík, samlagsaðili.

Tilgangur: Tilgangur félagsins er rekstur snyrtistofu.

Skattaðild: Félagið er sjálfstæður skattaðili.

Firmaritun: Ábyrgðaraðili.

Prókúruumboð: Thi Trang Pham.

Björgvin Þórðarson, kt. 310755-3629, Lundi 4, Kópavogi, skoðunarmaður. Framkvæmdastjóri: Thi Trang Pham.

Reykjavík, 19. september 2024.

(2024018687

Útgáfud.: 23. september 2024

Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá

Nafn: **Verkjalýðsfélagið slf.**

Kt.: 590924-1050.

Dagsetning samþykkt: 13. september 2024

Heimilisfang: Rauðási 8, Reykjavík.

Eigendur: Birkir Örn Hlynsson, kt. 300484-2399, Rauðási 8, Reykjavík, ábyrgðaraðili Augnayndi ehf., kt. 520721-0450, Grænumýri 2, Seltjarnarnesi, samlagsaðili.

Tilgangur: Tilgangur félagsins felst í að sinna læknaþjónustu, rekstri læknastofu og öðru því sem því tengist.

Skattaðild: Félagið er sjálfstæður skattaðili.

Firmaritun: Ábyrgðaraðili.

Prókúruumboð: Birkir Örn Hlynsson.

Andrés Einar Hilmarsson, kt. 050870-3409, Hamrakór 16, Kópavogi, löggiltur endurskoðandi.

Reykjavík, 19. september 2024.

(2024018688

Útgáfud.: 23. september 2024

Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá

Nafn: PHS lögmannsþjónusta slf.

Kt.: 590924-0910.

Dagsetning samþykkt: 6. september 2024

Heimilisfang: Réttarholtsvegi 49, Reykjavík.

Eigendur: Þórir Helgi Sigvaldason, kt. 200490-4019, Réttarholtsvegi 49, Reykjavík, ábyrgðaraðili Guðmunda Signý Þórisdóttir, kt. 280762-5209, Réttarholtsvegi 49, Reykjavík, samlagsaðili.

Tilgangur: Tilgangur félagsins er sala lögfræðiþjónustu og rekstur lögmannsstofu, fasteignasala og rekstur fasteignasölu, eignaumsýsla og önnur starfsemi, sem tengist framangreindi starfsemi og þjónustu.

Skattaðild: Félagið er sjálfstæður skattaðili.

Firmaritun: Ábyrgðaraðili.

Prókúruumboð: Þórir Helgi Sigvaldason.

Reykjavík, 19. september 2024.

(2024018690

Útgáfud.: 25. september 2024

Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá

Nafn: Eva MD slf.

Kt.: 630924-1380.

Dagsetning samþykkt: 5. september 2024

Heimilisfang: Brautarholti 8, Ísafirði.

Eigendur: Eva Mey Guðmundsdóttir, kt. 190595-3079, Noregi, ábyrgðaraðili. Pétur Tryggvi Pétursson, kt. 060999-3339, Brautarholti 8, Ísafirði, samlagsað.

Tilgangur: Tilgangur félagsins er almenn lækniþjónusta.

Skattaðild: Félagið er sjálfstæður skattaðili.

Firmaritun: Ábyrgðaraðili.

Prókúruumboð: Eva Mey Guðmundsdóttir.

Stjórnarmaður og framkvæmdastjóri: Eva Mey Guðmundsdóttir. Varamaður: Pétur Tryggvi Pétursson. Gunnar Rúnarsson, kt. 040967-5089, Þverholti 17, Reykjavík, skoðunarmaður.

Reykjavík, 23. september 2024.

(2024018895

Útgáfud.: 23. september 2024

Tilkynning um dráttarvexti og vexti af peningakröfum nr. 9/2024

Fyrsti kafli hér að neðan um dráttarvexti er birtur samkvæmt 2. mgr. 10. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, og gilda dráttarvextir sem þar eru sýndir í einn mánuð í senn, frá fyrsta degi hvers mánaðar.

Annar kafli um almenna vexti er birtur samkvæmt 2. mgr. 10. gr., sbr. 4. og 8. gr. sömu laga og gilda vextir samkvæmt þessum kafla næsta almanaksmánuðinn eða uns næsta tilkynning birtist.

Vextir sem breytast eru merktir með stjörnu (*) og innan sviga þar við eru sýndir vextir fyrir breytingu.

I. Dráttarvextir af peningakröfum í krónum

Vextir alls á ári
f.o.m. 1. október 2024

1. Grunnur dráttarvaxta 1	10,00%
2. Vanefndaálag 2	7,00%
3. Dráttarvextir 3	17,00%

II. Almennir vextir af peningakröfum í krónum

Vextir alls á ári
f.o.m. 1. október 2024

1. Vextir óverðtryggðra lána skv. 4. gr. 4	8,95%
2. Vextir verðtryggðra lána skv. 4. gr. 4	3,75%
3. Vextir af skaðabótakröfum 5	5,97%

Um leið og tilkynning þessi öðlast gildi hinn 1. október 2024, fellur úr gildi tilkynning nr. 8/2024, dags 19. ágúst 2024, um dráttarvexti og vexti af peningakröfum.

Reykjavík, 20. september 2024.
Seðlabanki Íslands.

Rannveig Sigurðardóttir.

Gunnar Ormslev Ásgeirsson.

1 Grunnur dráttarvaxta er miðaður við nafnvexti á lánun gegn veði hjá Seðlabanka Íslands.

2 Vanefndaálag er sjö hundraðshlutar, nema um annað sé samið skv. 2. mgr. 6. gr. laganna.

3 Dráttarvextir eru samtala grunns dráttarvaxta og vanefndaálags. Seðlabankinn skal birta dráttarvexti eigi skemur en viku fyrir gildistöku dráttarvaxta, sem eru fyrsta dag hvers mánaðar.

4 Almenna vexti sbr. 3. gr. laganna skal því aðeins greiða af peningakröfu að það leiði af samningi, venju eða lögum. Þegar hundraðshluti þeirra eða vaxtaviðmiðun er að öðru leyti ekki tiltekin, skulu vextir vera á hverjum tíma jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánunum hjá lánastofnunum og birtir skv. 10. gr. laganna. Þar sem um verðtryggða kröfu er að ræða skulu vextir vera jafnháir vöxtum sem Seðlabankinn ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum verðtryggðum útlánunum hjá lánastofnunum og birtir skv. 10. gr. laganna. Í bráðabirgðaákvæði 1 í lögum nr. 38/2001 segir: „Nú segir í lánssamningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að vextir fram að gjalddaga skuli vera breytilegir í samræmi við vegið meðaltal ársávöxtunar á nýjum almennum útlánunum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, meðalútlánsvexti viðskiptabanka og sparisjóða eða meðalútlánsvexti sem Seðlabanki Íslands birtir eða vísað er með öðrum almennum hætti til vaxta á markaði, og skulu þá vextir af þessum peningakröfum, eftir gildistöku laganna, vera jafnháir vöxtum skv. 1. málsl. 4. gr. að viðbættum 3,5% þegar um óverðtryggða peningakröfu er að ræða og jafnháir vöxtum skv. 2. málsl. 4. gr. að viðbættum 2,5% þegar um verðtryggða peningakröfu er að ræða. Nú segir í lánssamningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að vextir fram að gjalddaga skuli vera breytilegir í samræmi við hæstu lögleyfðu vexti á hverjum tíma, hæstu vexti á markaðnum eða vísað er með öðrum almennum hætti til hæstu vaxta á markaði og skulu þá vextir af þessum peningakröfum eftir gildistöku laganna vera jafnháir vöxtum skv. 1. málsl. 4. gr. að viðbættum 4,5%, þegar um óverðtryggða peningakröfu er að ræða og jafnháir vöxtum skv. 2. málsl. 4. gr. að viðbættum 3,5% þegar um verðtryggða peningakröfu er að ræða.“

5 Vextir af kröfum um skaðabætur, sbr. 1. mgr. 8. gr. laganna skulu á hverjum tíma vera jafnháir tveimur þriðju hlutum vaxta sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 1. málsl. 4. gr. laganna.

(2024018693

Útgáfud.: 20. september 2024

Fyrirkall og ákæra

Fyrirkall:

Héraðsdómur Suðurlands gerir kunnugt:

Mál nr. S-377/2024.

Ákærandi: Lögreglustjórinn á Suðurlandi, Margrét Harpa Garðarsdóttir fulltrúi.

Ákærði: Airidas Puljanaskas verður tekið fyrir á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands sem háð verður í dómsalnum að Austurvegi 4, Selfossi, fimmtudaginn 24. október 2024, kl. 10.07.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi.

Sæki ákærði ekki þing má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum.

Héraðsdómi Suðurlands, 17. september 2024.

Sólveig Ingadóttir aðstoðarmaður dómara.

Ákæra:

Lögreglustjórinn á Suðurlandi gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Suðurlands á hendur Airidas Puljanauskas, fd. 10.08.1996 með óþekkt lögheimili í Litháen fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, að kvöldi föstudagsins 20. október 2023, ekið bifreiðinni PK-247 vestur Suðurlandsveg við Þingborg í Flóahreppi, undir áhrifum áfengis (vínandamagn í blóði 0,88 ‰), uns lögregla stöðvaði þar aksturinn. Telst brot ákærða varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 49. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sbr. 1. mgr. 95. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til að sæta sviptingu ökuréttar samkvæmt 99. og 101. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Skrifstofu lögreglustjórans á Suðurlandi, 9. júlí 2024.

Grimur Hergeirsson lögreglustjóri.

318-2023-15537.

(2024018571

Útgáfud.: 20. september 2024

Fyrirkall og ákæra

Fyrirkall:

Héraðsdómur Reykjaness gerir kunnugt:

Mál nr. S-2059/2024.

Ákærandi: Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, Ásmundur Jónsson aðstoðarsaksóknari.

Ákærði: Mateusz Michal Szczezinski, fd. 13.10.1994, Pólland, verður tekið fyrir á dómþingi fimmtudaginn 24. október 2024 kl. 10.10.

Staður: Salur 2, Fjarðargötu 9, Hafnarfirði.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi. Sæki ákærði ekki þing, við þingfestingu máls eða á síðari stigum þess, má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum. Birtingarfrestur er einn mánuður.

Héraðsdómur Reykjaness, 13. september 2024.

Ólafur Egill Jónsson aðstoðarmaður dómara.

Ákæra: Lögreglustjórinn á Suðurnesjum gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjaness á hendur: Mateusz Michal Szczezinski, fæðingardagur: 13.10.1994, Ríkisfang: Pólland, fyrir brot á umferðarlögum með því að hafa laugardaginn 25. mars 2023 ekið bifreiðinni HG-U46, eftir Reykjanesbraut, móts við Vogastapa, á 130 km hraða á klukkustund, að teknu tilliti til vikmarka, þar sem leyfður hámarks hraði var 90 km/klst. og undir áhrifum ávana- og fiknefna (í blóði mældist tetrahýdrókannbínól 4,7 ng/ml) og því ekki fær um að stjórna bifreiðinni örugglega þegar lögreglan stöðvaði aksturinn. Telst brot þetta varða við 3. mgr. 37. gr. og 1. og 2. mgr. 50. gr., allt sbr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttinda, sbr. 101. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Skrifstofu Lögreglustjórans á Suðurnesjum, 16. september 2024.

Ásmundur Jónsson aðstoðarsaksóknari.

(2024018573

Útgáfud.: 20. september 2024

Fyrirkall og ákæra

Fyrirkall:

Héraðsdómur Reykjaness gerir kunnugt:

Mál nr. S-2062/2024.

Ákærandi: Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, Ásmundur Jónsson aðstoðarsaksóknari.

Ákærði: Craig Spencer Ward, fd. 01.04.2002, Bretland, verður tekið fyrir á dómþingi fimmtudaginn 24. október 2024 kl. 10.22.

Staður: Salur 2, Fjarðargötu 9, Hafnarfirði.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi. Sæki ákærði ekki þing, við þingfestingu máls eða á síðari stigum þess, má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum. Birtingarfrestur er einn mánuður.

Héraðsdómur Reykjaness, 13. september 2024.

Ólafur Egill Jónsson aðstoðarmaður dómara.

Ákæra: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjaness á hendur: Craig Spencer Ward, fæðingardagur: 01.04.2002, ríkisfang: Bretland, fyrir brot á umferðarlögum með því að hafa fimmtudaginn 7. desember 2023 ekið bifreiðinni YF-H43, eftir Reykjanesbraut, móts við Innri Njarðvík, á 160 km hraða á klukkustund, að teknu tilliti til vikmarka, þar sem leyfður hámarkshraði var 90 km/klst. Telst brot þetta varða við 3. mgr. 37. gr., sbr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttinda, sbr. 101. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Skrifstofu Lögreglustjórans á Suðurnesjum, 16. september 2024.

Ásmundur Jónsson aðstoðarsaksóknari.

(2024018574

Útgáfud.: 20. september 2024

Fyrirkall og ákæra

Fyrirkall:

Héraðsdómur Reykjaness gerir kunnugt:

Mál nr. S-2061/2024.

Ákærandi: Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, Ásmundur Jónsson aðstoðarsaksóknari.

Ákærði: Aliaksei Bakatsiuk, fd. 11.01.1988, Hvíta Rússland, verður tekið fyrir á dómþingi fimmtudaginn 24. október 2024 kl. 10.20.

Staður: Salur 2, Fjarðargötu 9, Hafnarfirði.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi. Sæki ákærði ekki þing, við þingfestingu máls eða á síðari stigum þess, má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum. Birtingarfrestur er einn mánuður.

Héraðsdómur Reykjaness, 13. september 2024.

Ólafur Egill Jónsson aðstoðarmaður dómara.

Ákæra: Lögreglustjórinn á Suðurnesjum gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjaness á hendur: Aliaksei Bakatsiuk, fæðingardagur: 11.01.1988, ríkisfang: Hvíta Rússland, fyrir brot á umferðarlögum með því að hafa þriðjudaginn 25. júlí 2023 ekið bifreiðinni BU-B20, eftir Reykjanesbraut, móts við Vogastapa, á 142 km hraða á klukkustund, að teknu tilliti til vikmarka, þar sem leyfður hámarkshraði var 90 km/klst. Telst brot þetta varða við 3. mgr. 37. gr., sbr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttinda, sbr. 101. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Skrifstofu Lögreglustjórans á Suðurnesjum, 16. september 2024.

Ásmundur Jónsson aðstoðarsaksóknari.

(2024018575

Útgáfud.: 20. september 2024

Fyrirkall og ákæra

Fyrirkall:

Héraðsdómur Reykjaness gerir kunnugt:

Mál nr. S-2039/2024.

Ákærandi: Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, Daníel Reynisson aðstoðarsaksóknari.

Ákærði: Jón Þór Ágústsson, kt. 230797-3159, verður tekið fyrir á dómþingi fimmtudaginn 24. október 2024 kl. 10.05.

Staður: Salur 2, Fjarðargötu 9, Hafnarfirði.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi. Sæki ákærði ekki þing, við þingfestingu máls eða á síðari stigum þess, má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum. Birtingarfrestur er einn mánuður.

Héraðsdómur Reykjaness, 13. september 2024.

Ólafur Egill Jónsson aðstoðarmaður dómara.

Ákæra: Lögreglustjórinn á Suðurnesjum gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjaness á hendur: Jóni Þór Ágústssyni, kennitala: 230797-3159, með lögheimili í Danmörku, fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa, fimmtudaginn 10. ágúst 2023, ekið bifreiðinni ZI-J96, á Fagragarði, Reykjanesbæ, undir áhrifum ávana- og fíkniefna sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði (í blóði mældist tetrahydrokannabinól 5,8 ng/ml) og því verið óhæfur til að stjórna bifreiðinni örugglega. Telst þessi háttsemi ákærða varða við 1., sbr. 2. mgr. 50. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess jafnframt krafist að ákærði verði dæmdur til að sæta sviptingu ökuréttar, sbr. 101. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Skrifstofu lögreglustjórans á Suðurnesjum, 16. september 2024.

Daníel Reynisson aðstoðarsaksóknari.

(2024018586

Útgáfud.: 20. september 2024

Fyrirkall og ákæra

Fyrirkall:

Héraðsdómur Reykjaness gerir kunnugt:

Mál nr. S-2060/2024.

Ákærandi: Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, Ásmundur Jónsson aðstoðarsaksóknari.

Ákærði: Moses Jonathan Jamal, fd. 27.03.1992, Bandaríkin, verður tekið fyrir á dómþingi fimmtudaginn 24. október 2024 kl. 10.15.

Staður: Salur 2, Fjarðargötu 9, Hafnarfirði.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi. Sæki ákærði ekki þing, við þingfestingu máls eða á síðari stigum þess, má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum. Birtingarfrestur er einn mánuður.

Héraðsdómur Reykjaness, 13. september 2024.

Ólafur Egill Jónsson aðstoðarmaður dómara.

Ákæra: Lögreglustjórinn á Suðurnesjum gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjaness á hendur: Moses Jonathan Jamal, fæðingardagur: 27.03.1992, Ríkisfang: Bandaríkin, fyrir brot á umferðarlögum með því að hafa sunnudaginn 4. ágúst 2024 ekið bifreiðinni BR-Z52, eftir Reykjanesbraut, móts við Vogastapa, á 119 km hraða á klukkustund, að teknu tilliti til vikmarka, þar sem leyfður hámarkshraði var 70 km/klst. Telst brot þetta varða við 3. mgr. 37. gr., sbr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttinda, sbr. 101. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Skrifstofu Lögreglustjórans á Suðurnesjum, 16. september 2024.
Ásmundur Jónsson aðstoðarsaksóknari.

(2024018597

Útgáfud.: 20. september 2024

Fyrirkall og ákæra

Fyrirkall:

Héraðsdómur Suðurlands gerir kunnugt:
Mál nr. S-461/2024.

Ákærandi: Lögreglustjórinn á Suðurlandi, Margrét Harpa Garðarsdóttir fulltrúi.

Ákærði: Alexander Aebi Horner verður tekið fyrir á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands sem háð verður í dómsalnum að Austurvegi 4, Selfossi, fimmtudaginn 24. október 2024, kl. 10.06.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi.

Sæki ákærði ekki þing má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum.

Héraðsdómi Suðurlands, 12. september 2024.

Sólveig Ingadóttir aðstoðarmaður dómara.

Ákæra:

Lögreglustjórinn á Suðurlandi gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Suðurlands á hendur Alexander Aebi Horner, fd. 25.11.2004 N Terra Meca Cir 4063, 85207 Arizona, Bandaríkjunum fyrir umferðarlagabrot

með því að hafa, föstudaginn 17. maí 2024, ekið bifreiðinni JA-M15 um Suðurlandsveg við Seljaland í Rangárþingi eystra með 142 km hraða þar sem leyfður hámarkshraði var 90 km á klukkustund.

Telst brot ákærða varða við 3. mgr. 37. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sbr. 1. mgr. 95. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Skrifstofu lögreglustjórans á Suðurlandi, 30. ágúst 2024.

Grímur Hergeirsson lögreglustjóri.
318-2024-6361.

(2024018598

Útgáfud.: 20. september 2024

Fyrirkall og ákæra

Fyrirkall:

Héraðsdómur Reykjaness gerir kunnugt:
Mál nr. S-2040/2024.

Ákærandi: Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, Daníel Reynisson aðstoðarsaksóknari.

Ákærði: Kristófer Óli Erlendsson, kt. 020999-2179, verður tekið fyrir á dómþingi fimmtudaginn 24. október 2024 kl. 10.00.

Staður: Salur 2, Fjarðargötu 9, Hafnarfirði.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi. Sæki ákærði ekki þing, við þingfestingu máls eða á síðari stigum þess, má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum. Birtingarrestur er einn mánuður.

Héraðsdómur Reykjaness, 13. september 2024.

Ólafur Egill Jónsson aðstoðarmaður dómara.

Ákæra: Lögreglustjórinn á Suðurnesjum gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjaness á hendur: Kristófer Óla Erlendssyni, kennitala: 020999-2179, með lögheimili í Danmörku, fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa, laugardaginn 1. apríl 2023, ekið bifreiðinni VO-822, á Skógarbraut og á bifreiðastæði við Fitjar, Reykjanesbæ, undir áhrifum ávana- og fíkniefna sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði (í blóði mældist kókaín 185 ng/ml) og því verið óhæfur til að stjórna bifreiðinni örugglega. Telst þessi háttsemi ákærða varða við 1., sbr. 2. mgr. 50. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess jafnframt krafist að ákærði verði dæmdur til að sæta sviptingu ökuréttar, sbr. 101. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Skrifstofu lögreglustjórans á Suðurnesjum, 16. september 2024.

Daníel Reynisson aðstoðarsaksóknari.

(2024018605

Útgáfud.: 20. september 2024

Fyrirkall og ákæra

Fyrirkall:

Héraðsdómur Reykjaness gerir kunnugt:

Mál nr. S-1056/2024:

Ákærandi: Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.

Ákærði: Gjergji Kace verður tekið fyrir á dómþingi 30. október 2024 kl. 11.00.

Staður: Salur 2, Fjarðargötu 9, Hafnarfirði.

Dómsathöfn: Þingfesting.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi. Sæki ákærði ekki þing má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður að honum fjarstöddum.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 12. september 2024.

Ólafur Egill Jónsson aðstoðarmaður dómara.

Ákæra: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjaness á hendur Gjergji Kace, fd. 06.04.1991, ríkisborgara Albaníu, og Tofik Fesko, fd. 17.03.1990, ríkisborgara Albaníu, fyrir fíkniefnalagabrot með því að hafa, fimmtudaginn 25. febrúar 2021, í bifreiðinni IRY60 og á dvalarstað ákærðu í herbergi númer 4 að Smiðjuvegi 4a í Kópavogi, í félagi haft í vörslum sínum í sölu- og dreifingarskyni samtals 166,84 g af maríhúana, sem lögreglumenn fundu við leit í bifreiðinni og á dvalarstað ákærðu.

M: 007-2021-12053.

Telst brot þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Krafist er upptöku á 166,84 g af maríhúana, sem hald var lagt á, samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, með síðari breytingum. Krafist upptöku á grammavog (munur 538653), samkvæmt 7. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 1. tl. 1. mgr. 69. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Einnig er krafist upptöku á þremur farsímum (munir 538656, 538657 og 538658), sem hald var lagt á, samkvæmt 7. mgr. 5. gr. sömu laga, en farsímarnir voru notaðir við sölu fíkniefna. Jafnframt er krafist upptöku á samtals kr. 752.500 (munir 538650, 538651 og 538652), sem hald var lagt á í málinu, samkvæmt 7. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, sbr. og 1. mgr. 69. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en reiðuféð er ætlaður ágóði af sölu fíkniefna.

Skrifstofu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, 23. apríl 2024.

Júlí Karlsson aðstoðarsaksóknari.

(2024018606

Útgáfud.: 23. september 2024

Fyrirkall og ákæra

Fyrirkall:

Héraðsdómur Suðurlands gerir kunnugt:

Mál nr. S-484/2024

Ákærandi: Lögreglustjórinn á Suðurlandi, Margrét Harpa Garðarsdóttir

Ákærða: Samantha Jordan McDaniel verður tekið fyrir á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands sem háð verður í dómsalnum að Austurvegi 4, Selfossi, fimmtudaginn 7. nóvember 2024, kl. 10.00.

Ákærða er kvödd til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi.

Sæki ákærða ekki þing má hún búast við því að fjarvist hennar verði metin til jafns við það að hún viðurkenni að hafa framið brot það sem hún er ákærð fyrir og dómur verði lagður á málið að henni fjarstaddri.

Héraðsdómi Suðurlands, 18. september 2024.

Sólveig Ingadóttir aðstoðarmaður dómara.

Ákæra:

Lögreglustjórinn á Suðurlandi gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Suðurlands á hendur Samantha Jordan McDaniel, fd. 15.03.1991 með óþekkt lögheimili í Bandaríkjunum fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, sunnudaginn 31. mars 2024, ekið bifreiðinni LI-K28 um Suðurlandsveg við Oddgeirshóla í Flóahreppi, undir áhrifum áfengis (vínandamagn í blóði 1,52 ‰), uns lögregla stöðvaði þar aksturinn.

Telst brot ákærðu varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sbr. 1. mgr. 95. gr. sömu laga. Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar, til að sæta sviptingu ökuréttar samkvæmt 99. og 101. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Skrifstofu lögreglustjórans á Suðurlandi, 10. september 2024.

Grimur Hergeirsson lögreglustjóri.

318-2024-4057.

(2024018680

Útgáfud.: 23. september 2024

Fyrirkall og ákæra

Fyrirkall:

Héraðsdómur Reykjaness gerir kunnugt:

Mál nr. S-2050/2024.

Ákærandi: Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, Ásmundur Jónsson aðstoðarsaksóknari.

Ákærði: Piotr Stanislaw Gontarz, kt. 170292-4809, verður tekið fyrir á dómþingi miðvikudaginn 30. október 2024 kl. 10.25.

Staður: Salur 2, Fjarðargötu 9, Hafnarfirði.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi. Sæki ákærði ekki þing, við þingfestingu máls eða á síðari stigum þess, má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum. Birtingarfrestur er einn mánuður.

Héraðsdómur Reykjaness, 19. september 2024.

Erna Björt Árnadóttir aðstoðarmaður dómara.

Ákæra: Lögreglustjórinn á Suðurnesjum gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjaness á hendur Piotr Stanislaw Gontarz, kennitala: 170292-4809, Keilisbraut 748, Reykjanesbæ, fyrir brot á umferðarlögum með því að hafa miðvikudaginn 12. júlí 2023 ekið bifreiðinni MZ-T03, eftir Grænásbraut í Reykjanesbæ, undir áhrifum ávana- og fíkniefna (í blóði mældist tetrahýdrókannbínól 7,9 ng/ml) og því ekki fær um að stjórna bifreiðinni örugglega þegar lögreglan stöðvaði aksturinn. Telst brot þetta varða við 1. og 2. mgr. 50. gr., sbr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttinda, sbr. 101. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Skrifstofu Lögreglustjórans á Suðurnesjum, 19. september 2024.
Ásmundur Jónsson aðstoðarsaksóknari.

(2024018681

Útgáfud.: 23. september 2024

Fyrirkall og ákæra

Fyrirkall:

Héraðsdómur Reykjaness gerir kunnugt:

Mál nr. S-2048/2024.

Ákærandi: Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, Ásmundur Jónsson aðstoðarsaksóknari.

Ákærði: Simonas Valiukevicius, kt. 210297-5299, verður tekið fyrir á dómþingi miðvikudaginn 30. október 2024 kl. 10.15.

Staður: Salur 2, Fjarðargötu 9, Hafnarfirði.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi. Sæki ákærði ekki þing, við þingfestingu máls eða á síðari stigum þess, má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum. Birtingarfrestur er einn mánuður.

Héraðsdómur Reykjaness, 19. september 2024.

Erna Björt Árnadóttir aðstoðarmaður dómara.

Ákæra: Lögreglustjórinn á Suðurnesjum gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjaness á hendur: Simonas Valiukevicius, kennitala: 210297-5299, Klettatröð 10, Reykjanesbæ, fyrir umferðarlagabrot með því að hafa laugardaginn 25. febrúar 2023, ekið bifreiðinni VJ-261, eftir Kaupvangi á Egilsstöðum, undir áhrifum áfengis (í blóði mældist alkóhól 1,54‰,) og því ekki fær um að stjórna bifreiðinni örugglega þegar lögregla stöðvaði aksturinn. Telst háttsemi ákærða varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 49. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess jafnframt krafist að ákærði verði dæmdur til að sæta sviptingu ökuréttar, sbr. 101. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Skrifstofu lögreglustjórans á Suðurnesjum, 19. september 2024.

Ásmundur Jónsson aðstoðarsaksóknari.

(2024018682

Útgáfud.: 24. september 2024

Fyrirkall og ákæra

Fyrirkall:

Héraðsdómur Suðurlands gerir kunnugt:

Mál nr. S-488/2024.

Ákærandi: Lögreglustjórinn á Suðurlandi, Margrét Harpa Garðarsdóttir fulltrúi.

Ákærði: Nilushan Manivannan verður tekið fyrir á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands sem háð verður í dómsalnum að Austurvegi 4, Selfossi, fimmtudaginn 7. nóvember 2024, kl. 10.04.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi.

Sæki ákærði ekki þing má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum.

Héraðsdómi Suðurlands, 19. september 2024.

Sólveig Ingadóttir aðstoðarmaður dómara.

Ákæra:

Lögreglustjórinn á Suðurlandi gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Suðurlands á hendur

Nilushan Manivannan, fd. 18.04.1994 með óþekkt lögheimili í Kanada fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, laugardaginn 16. mars 2024, ekið bifreiðinni RK-U65 um Suðurlandsveg austan við Freysnes í Sveitarfélaginu Hornafirði, undir áhrifum áfengis (vínandamagn í blóði 1,87 ‰), uns hann missti stjórn á bifreiðinni og hafnaði þar utan vegar.

Telst brot ákærða varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sbr. 1. mgr. 95. gr. sömu laga. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til að sæta sviptingu ökuréttar samkvæmt 99. og 101. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Skrifstofu lögreglustjórans á Suðurlandi, 10. september 2024.

Grímur Hergeirsson lögreglustjóri.

318-2024-3298.

(2024018695

Útgáfud.: 24. september 2024

Fyrirkall og ákæra

Fyrirkall:

Héraðsdómur Suðurlands gerir kunnugt:

Mál nr. S-487/2024.

Ákærandi: Lögreglustjórinn á Suðurlandi, Margrét Harpa Garðarsdóttir fulltrúi.

Ákærði: Mark Robert Sandfell verður tekið fyrir á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands sem háð verður í dómsalnum að Austurvegi 4, Selfossi, fimmtudaginn 7. nóvember 2024, kl. 10.03.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi.

Sæki ákærði ekki þing má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum.

Héraðsdómi Suðurlands, 19. september 2024.

Sólveig Ingadóttir aðstoðarmaður dómara.

Ákæra:

Lögreglustjórinn á Suðurlandi gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Suðurlands á hendur Mark Robert Sandell, fd. 02.07.1961 með óþekkt lögheimili í Bretlandi fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, laugardaginn 3. ágúst 2024, ekið bifreiðinni ZJ-H22 um Landeyjahafnarveg við Bakkaflugvallarveg í Rangárþingi eystra, undir áhrifum áfengis (vínandamagn í blóði 0,84 ‰), uns lögregla stöðvaði þar aksturinn.

Telst brot ákærða varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 49. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sbr. 1. mgr. 95. gr. sömu laga. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til að sæta sviptingu ökuréttar samkvæmt 99. og 101. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Skrifstofu lögreglustjórans á Suðurlandi, 10. september 2024.

Grímur Hergeirsson lögreglustjóri.

318-2024-11655.

(2024018698

Útgáfud.: 24. september 2024

Fyrirkall og ákæra

Fyrirkall:

Héraðsdómur Suðurlands gerir kunnugt:

Mál nr. S-485/2024.

Ákærandi: Lögreglustjórinn á Suðurlandi, Margrét Harpa Garðarsdóttir.

Ákærði: Kendra Kaye Wilson verður tekið fyrir á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands sem háð verður í dómsalnum að Austurvegi 4, Selfossi, fimmtudaginn 7. nóvember 2024, kl. 10.01.

Ákærði er kvödd til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi.

Sæki ákærða ekki þing má hún búast við því að fjarvist hennar verði metin til jafns við það að hún viðurkenni að hafa framið brot það sem hún er ákærð fyrir og dómur verði lagður á málið að henni fjarstaddri.

Héraðsdómi Suðurlands, 19. september 2024.

Sólveig Ingadóttir aðstoðarmaður dómara.

Ákæra:

Lögreglustjórinn á Suðurlandi gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Suðurlands á hendur Kendra Kaye Wilson, fd. 17.10.1980 með óþekkt lögheimili í Bandaríkjunum fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, að kvöldi sunnudagsins 13. október 2023, ekið bifreiðinni EB-A06 norður Þorlákshafnarveg í Sveitarfélaginu Ölfusi, undir áhrifum áfengis (vínandamagn í blóði 2,40 ‰), uns lögregla stöðvaði þar aksturinn. Telst brot ákærðu varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sbr. 1. mgr. 95. gr. sömu laga. Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar, til að sæta sviptingu ökuréttar samkvæmt 99. og 101. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Skrifstofu lögreglustjórans á Suðurlandi, 10. september 2024.

Grímur Hergeirsson lögreglustjóri.

318-2023-15245.

(2024018699

Útgáfud.: 24. september 2024

Fyrirkall og ákæra

Fyrirkall:

Héraðsdómur Suðurlands gerir kunnugt:

Mál nr. S-486/2024.

Ákærandi: Lögreglustjórinn á Suðurlandi, Margrét Harpa Garðarsdóttir fulltrúi.

Ákærði: Dzmitry Malitski verður tekið fyrir á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands sem háð verður í dómsalnum að Austurvegi 4, Selfossi, fimmtudaginn 7. nóvember 2024, kl. 10.02.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi.

Sæki ákærði ekki þing má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum.

Héraðsdómi Suðurlands, 19. september 2024.

Sólveig Ingadóttir aðstoðarmaður dómara.

Ákæra:

Lögreglustjórinn á Suðurlandi gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Suðurlands á hendur Dzmitry Malitski, fd. 12.05.1986 með óþekkt lögheimili í Kanada fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, föstudaginn 31. maí 2024, ekið bifreiðinni PD-L45 um Suðurlandsveg við Þjórsá í Flóahreppi með 128 km hraða þar sem leyfður hámarkshraði var 90 km á klukkustund.

Telst brot ákærða varða við 3. mgr. 37. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sbr. 1. mgr. 95. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Skrifstofu lögreglustjórans á Suðurlandi, 10. september 2024.

Grímur Hergeirsson lögreglustjóri.

318-2024-7226.

(2024018701

Útgáfud.: 25. september 2024

Boðun til þinghalds vegna kröfu um opinber skipti á dánarbúi

Héraðsdómi Suðurlands hefur borist beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um að dánarbú Lissu Mary Blandon kt. 040649-7199, sem lést 9. desember 2023, síðast með lögheimili að Bröttuhlíð 14, Hveragerði, verði tekið til opinberra skipta. Hefur málið fengið númerið D-493/2024.

Um lagarök fyrir skiptabeiðni er vísað til 6. tl. 37. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl.

Hér með tilkynnist að málið verður tekið fyrir í Héraðsdómi Suðurlands, Austurvegi 4, Selfossi, miðvikudaginn 13. nóvember 2024 kl. 10:20.

Fyrirkall: Hér með er lagt fyrir Marín Dögg Böðvarsdóttir Blandon kt. 140691-2759 sem búsett er í Svíþjóð að mæta fyrir dóminn á ofangreindum stað og tíma.

Vakin er athygli á því að verði ekki sótt þing við framangreinda fyrirtöku málsins og lögmæt forföll ekki boðuð má búast við því að krafan verði tekin til greina og að búið verði tekið til opinberra skipta.

Selfossi, 23. september 2024.

Sólveig Ingadóttir aðstoðarmaður dómara.

(2024018849

Útgáfud.: 25. september 2024

Hlutfélag - samruni

Hlutfélagaskrá hefur borist samrunaáætlun neðangreindra félaga ásamt fylgiskjölum, þ.m.t. yfirlýsing matsmanna skv. 4. mgr. 97. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutfélag, um að samruninn rýri ekki möguleika lánardrottna á fullnustu í hinum einstöku félögum.

Yfirtökufélag: Fínpússning ehf., kt. 460202-2560, Rauðhelli 13, Hafnarfirði.

Yfirtekið félag: A.B.F. ehf., kt. 581298-2349, Rauðhelli 13, Hafnarfirði.

Uppgjörsgdagur: 1. Janúar 2024.

